



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

3. skólaráðsfundur 14.03.2024 kl. 15:00 – 16:00

Fundarstjóri: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

Ritari: Rannveig Hafberg aðstoðarskólastjóri

Mættir: Hólmfríður Þórisdóttir og Ásgeir Rafn Birgisson fulltrúar kennara, Jóhanna Inga Hjartardóttir fulltrúi starfsfólks, Nicole Jóna Jóhannsdóttir og Jóhanna Dýrleif Guðjónsdóttir fulltrúar nemenda, Sandra Lóa Gunnarsdóttir og Linda Ösp Grétarsdóttir fulltrúar foreldra, Fjóla deildarstjóri tómstundar Rannveig Hafberg aðstoðarskólastjóri, Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

1. Skóladagatal næsta árs kynnt. Inga útskýrði uppbyggingu skóladagatalsin, fór yfir hvað hver litur þýður. Skóladagatal samþykkt.
2. Drög að skóladagatali 2025 til 2026 kynnt.
3. Brunaæfing - 12. apríl
Um daginn var óvænt aukaæfing því kerfið fór á og ekki hægt að stoppa það. Þá kom í ljós að ýmsar bilanir voru í kerfinu. Verið að vinna í að laga það. Securitas bregst oft seint og illa við að laga bilanir.
4. Símbann í apríl í öllum skólum í Hafnarfirði – ákvörðun Fræðsluráðs Hafnarfjarðar Niðurstöður úr könnun eftir símbann í janúar kynntar:
61 nemendur svöruðu könnunni, 49 vilja ekki símbann en 12 vilja halda áfram með símbannið
39 foreldrar svöruðu 7 vilja ekki símbann en 32 vilja banna síma
Starfsfólk 20 sem svöruðu af þeim voru 19 sem vilja halda áfram og einn sem vill það ekki
Skólinn keypti spil, þrjónadót og fleira til að hafa í frímínútum fyrir nemendur. Þarf meira?
Fulltrúar kennarar beðnir um að kanna hvað þyrfti að kaupa í viðbót.

Skólaþing með foreldrum um skólabrag og umgengni?

Mjög slæm umgengni í skólanum. Mikið um skemmdarverk, slæm umgengni á klósettum, verið að stífla vaska, kúka og pissa gólfíð, sparkað í vegg, hurðar. Verið að skemma húsgögn og loftaplötur. Umgengi í matsal ekki góð, henda mat í hvort annað, á gólfíð. Rætt um myndavélar, af hverju eru ekki fleiri? Persónuverndarlög komu í veg fyrir að við fengum fleiri. Einhver menning komin sem við þurfum að uppræta.

5. Fjóla kynnti niðurstöður úr könnuninni *Hagir og líðan* sem lögð var fyrir nemendur á mið og unglingsstigi.

Önnur mál:

- Er hægt að mála „snakes og ladders“ á skólalóðina
- Inga sagði frá 1. Bekk tilvonandi – var búið að samþykka 50 nemendur inn. Skólinn er að stækka og bærinn tók þá ákvörðun að breyta skólahverfinu aftur og færa tilvonandi 1. Bekk

sem búa á völlum fari í Hraunvallskóla. Stefnir í að það verði 550 í haust og síðan um 700 árið eftir ef ekkert verður að gert.

- Umferðaöryggismál – verður að gera eitthvað við strætóskýlið. Þarf að setja betri lýsingu og skilti þar sem varað er við börn á leið í skóli, helst að setja umferðaljós. Tímaspurasmál hvenær verður slys. Bærinn verður að tryggja öryggi barna sem sækja skólann.
- Fyrirspurn varðandi Reyki – erum við hætt að fara þangað? Foreldrafulltrúar vilja halda því opnu að fara þangað.
- Frímínútur – spurt hvort skólalóðin eigi ekki að vera skipt upp í fleiri svæði þar sem hver árgangur á sitt svæði. Skipta tímasetningar á frímínútum, hafa árgangana á mismunandi tímum.
- Spurt um vinaliðaverkefnið. Var mjög dýrt og skuldbinding lengi.
- Má byrja með skólann kl. 8:30 fyrir unglingadeild næsta vetur?
- Hvar eru kennsluáætlanir í 8. bekk?